

20. maí 2019

Minnisblað

Launað starfsár kennaranema, 1905292

Samkomulagi um launað starfsár kennaranema undirstrikar vilja til að efla tengsl kennaramenntunar við starfsvettvang og auka færni nýrra kennara til að takast á við áskoranir kennarastarfsins til framtíðar í þágu barna og ungmenna.

Starfsfólk skóla ber í sameiningu ábyrgð á móttöku kennaranema og fær það hlutverk að styðja við þátttöku þeirra í lærdómssamfélagi leik- og grunnskóla. Samkomulagið undirrita Menntamálaráðuneytið, Sambandið, HÍ, HA og KÍ. Samkomulagið gildir til 30. júní 2024 en er endurmetið og uppfært árlega.

Hvað þýðir þetta fyrir sveitarfélög og skólastarfið?

Kennaranemar á fimmta ári sinna kennslu í ½ stöðugildi (13 kest. í grunnskólum) sem jafngildir 30 ECTS einingum í námi þeirra. Skólastjórnandi gerir fullgildan ráðningasamning með gildistíma frá 1. ág. -31. júlí líkt og um leiðbeinanda væri að ræða. Neminn sinnir kennslu sem fullgildur starfsmaður í hálfu starfi. Auk þess sem hann á þess kost að fá 800.000 kr. styrk við gerð lokaritgerðar, að uppfylltum skilyrðum um skil á vinnuframlagi. Kennaranemar hafa frumkvæðið að því leita að kennarastöðu í samvinnu við háskóla sinn. Gangi það ekki kemur til ráðgjafanefndar.

Skólastjóri velur leiðsagnarkennara úr röðum kennara skólans. Hlutverk leiðsagnarkennara er skýrt og skilgreint hlutverk skv. handbók Háskóla. Nemi á rétt til 6 klst. leiðsagnar á mánuði, útfærsla á vinnuframlagi leiðsagnarkennara er óútfært og ljóst að sá kostnaður leggst á skólana/sveitarfélögin. Háskólar greiða ákveðna upphæð (*þróunarstyrk*) til skóla fyrir hvern nema (sbr. eldra fyrirkomulag).

Sveitarfélögum ber að vinna með háskólum að því að útvegum starfsnámsplássu. Enn á eftir að klára að semja um launasetningu og umfang starfa leiðsagnarkennara en það er í vinnslu við gerð nýrra kjarasamninga.

Lokanámsár (60 ECTS) kennaranema til M.Ed. prófs er nú skilgreint sem starf á vettvangi á móti námi í háskóla. Svo það geti gengið eftir verða gildandi lög og reglugerðir að tryggja það fyrirkomulag. Gildandi laga- og reglugerðartexti setur nema á sama stað og aðra umsækjendur án leyfisbréfs sbr.:

„Nú sækir enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir endurtekna auglýsingu og getur skólastjóri þá sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla um að lausráða tiltekinn starfsmann ... Undanþágunefnd er heimilt að vikja frá kröfu um endurtekna auglýsingu þegar sótt er um undanþágu til að endurráða einstakling sem er í námi til kennsluréttinda.“ (18.gr. laga nr. 87/2008)

Koma þarf inn bráðabirgðaákvæði í frv. til laga um menntun, hæfni og ráðningu sem undanskilur starfsnámsnema.

Til umhugsunar

Leik- og grunnskólar Hafnarfjarðarbæjar sem hafa fengið óskir um að taka inn nema hafa getað orðið við þeim óskum núna í vor. Erfiðlega gæti verið að koma til móts við þarfir og áherslur nema um kennslu á fagsviðum sínum. Mikilvægt er að styðja skólana í að taka nema og tryggja að leiðsagnarkennarar séu við skólana í bæjarfélaginu. Sveitarfélögin og þá ekki síst skólastjórnendur fá ríka ábyrgð við að sinna þessu hlutverki. Samkvæmt vef Menntavísindasviðs Háskóla Íslands fjölguðu umsóknum um framhaldsnám til kennsluréttinda í leik- og grunnskólakennaranámi við Háskóla Íslands um þrjátíu prósent miðað við meðaltal síðustu fimm ára. Mikilvægt er að styðja við þessa framkvæmd til að fjölga leik- og grunnskólakennurum. Breytingar þessar gætu mögulega haft í för með sér tímabundna og tilfallandi aukningu á stöðugildafjölda í einstaka skólum.

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir

Fanney Dóróthe Halldórsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundarþjónustu Hafnarfjarðar